

Stability of powder made from saithe (*Pollachius virens*)

Stöðugleiki fiskdufts úr ufsa (*Pollachius virens*)

Margrét Bragadóttir, Eyjólfur Reynisson, Kristín A. Þórarinsdóttir, Sigurjón Arason
Rannsóknastofnun fiskiðanaðarins.

Gerðar voru rannsóknir á gæðum og stöðugleika úðaþurrkaðs fiskdufts sem unnið var með lífhvatameltu á afskurði og hryggjum af ufsa. Stöðugleiki gagnvart oxun eða þránun var metinn með mælingum á fituinnihaldi, óbundnum fitusýrum, konjúgeruðum díenum og tríenum, svo og með stöðugleikamælingu í Oxipres tæki. Breytingar á eðliseiginleikum voru metnir með því að fylgjast með lit, seigju, vatnsbindieiginleikum og leysanleika próteina. Niðurstöður sýndu að geymslutími og geymsluhitastig hafði áhrif á gæði og stöðugleika ufsadufts. Fituefni í ufsaduftinu reyndust vera mikið oxuð, sem kom fram í lágum fituútdrætti í skautuðum leysum og vatnsrof fituefnanna var langt gengið með yfir 30% af óbundnum fitusýrum. Hinsvegar sýndi ufsaduftið væga þráhindravirkni í yrulausn af línolsýru. Geymsluþolspróf sýndu áframhaldandi þránun og myndun óbundinna fitusýra, en lítill munur kom fram á geymslu við kælingu (0 °C) og við hækkað hitastig (30 °C). Eðliseiginleikar duftsins sýndu hins vegar meiri breytingar við hækkað hitastig, sem kom fram í meiri litarbreytingum (gulnun og rauðleitari), meiri lækku á vatnsbindieiginleikum, minni seigju og meiri aukningu í leysanleika próteina, miðað við duft sem geymt var við kælihitastig.